

|                |            |  |    |
|----------------|------------|--|----|
|                | <b>I</b>   | <b>EES-STOFNANIR</b>   |    |
|                | 1.         | Sameiginlega EES-nefndin   |    |
|                | <b>II</b>  | <b>EFTA-STOFNANIR</b>  |    |
|                | 1.         | Fastanefnd EFTA-ríkjanna   |    |
| 2011/EES/15/01 |            | Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 5/2010/SC frá 9. desember 2010 um breytingu á ákvörðun fastanefndarinnar nr. 4/2004/SC um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES . . . . .               | 1  |
| 2011/EES/15/02 |            | Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 6/2010/SC frá 9. desember 2010 um að auka við verkefni skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins . . . . .                                     | 3  |
|                | 2.         | Eftirlitsstofnun EFTA  |    |
| 2011/EES/15/03 |            | Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 290/09/COL frá 1. júlí 2009 um aðstoð sem veitt hefur verið á sviði menntunar atvinnuflugmanna í Tromsfylki (Noregur). . . . .  | 5  |
|                | 3.         | EFTA-dómstóllinn   |    |
|                | <b>III</b> | <b>EB-STOFNANIR</b>  |    |
|                | 1.         | Framkvæmdastjórnin   |    |
| 2011/EES/15/04 |            | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6085 – Costa Crociere/Alpitour/Welcome JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .                   | 18 |
| 2011/EES/15/05 |            | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6106 – Caterpillar/MWM). . . . .  | 19 |
| 2011/EES/15/06 |            | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6108 – EQT V/Dometic) . . . . .   | 20 |
| 2011/EES/15/07 |            | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6159 – Warburg Pincus/Vestar/Triton Container International) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . . | 21 |
| 2011/EES/15/08 |            | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6161 – Clariant/Süd-Chemie) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .                                  | 22 |

|                       |   |    |
|-----------------------|---|----|
| <b>2011/EES/15/09</b> | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6164 – Barclays Bank/Egg Credit Card Assets) . . . . .   | 23 |
| <b>2011/EES/15/10</b> | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6202 – Samsung LED/Sumitomo Chemical/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .  | 24 |
| <b>2011/EES/15/11</b> | Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug . . . . . | 25 |
| <b>2011/EES/15/12</b> | Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við. . . . .  | 26 |
| <b>2011/EES/15/13</b> | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur . . . . .  | 36 |

# EFTA-STOFNANIR

## FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkja

2011/EES/15/01

nr. 5/2010/SC

frá 9. desember 2010

um breytingu á ákvörðun fastanefndarinnar nr. 4/2004/SC um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“,

með vísan til samningsins milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES 2009–2014,

með vísan til bókunar 38b um fjármagnskerfi EES, sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum ofangreinds samnings milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES 2009–2014,

með vísan til samnings Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2009–20014,

með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkja nr. 4/2004/SC frá 3. júní 2004 um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES,

og með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkja nr. 1/2010/SC frá 28. janúar 2010 um skipan bráðabirgðanefndar til að stýra fjármagnskerfi EES.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkja nr. 4/2004/SC frá 3. júní 2004 hljóði svo: Hlutverk nefndarinnar er að stýra fjármagnskerfi EES 2004–2009 og fjármagnskerfi EES 2009–2014.

2. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda gildistökudag löggerningsins um stofnun fjármagnskerfis EES fyrir árin 2009–2014 eða daginn sem hann kemur til framkvæmda til bráðabirgða.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2010.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

Formaður

***Kåre Bryn***

Framkvæmdastjóri

**Ákvörðun fastanefndar EFTA-rikkanna****2011/EES/15/02****nr. 6/2010/SC****frá 9. desember 2010****um að auka við verkefni skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins**

## FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“,

með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-rikkanna nr. 1/2004/SC frá 5. febrúar 2004 um stofnun skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins,

með vísan til samningsins milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES 2009–2014,

með vísan til bókunar 38b um fjármagnskerfi EES, sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum ofangreinds samnings milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES 2009–2014,

með vísan til samnings Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2009–2014,

með vísan til þess að í 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar fastanefndar EFTA-rikkanna nr. 1/2004/SC er skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins aðeins veitt umboð til að stjórna fjármagnskerfunum 2004–2009,

og að teknu tilliti til þess að þörf er á skrifstofu til að stjórna fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfinu 2009–2014.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

1. Skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins, sem var stofnuð með ákvörðun fastanefndarinnar nr. 1/2004/SC, er enn fremur falið að annast skrifstofuhald við rekstur fjármagnskerfis EES 2009–2014 og norska fjármagnskerfisins 2009–2014.
2. Að því er varðar fjármagnskerfi EES 2009–2014, skal skrifstofan heyra undir nefndina sem stýrir fjármagnskerfi EES.
3. Að því er varðar norska fjármagnskerfið 2009–2014, skal skrifstofan heyra undir norska utanríkisráðuneytið.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda gildistökudag löggerningsins um stofnun fjármagnskerfis EES fyrir árin 2009–2014 eða daginn sem hann kemur til framkvæmda til bráðabirgða.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2010.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

Formaður

***Kåre Bryn***

Framkvæmdastjóri

# EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/15/03

290/09/COL

frá 1. júlí 2009

**um aðstoð sem veitt hefur verið á sviði menntunar atvinnuflugmanna í Tromsfylki**

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>,með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 2. og 5. mgr. 7. gr., 13. gr. og 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins <sup>(4)</sup>, einkum kaflanna um endurgjald fyrir almannajónustu og um ríkisábyrgðir,með vísan til ákvörðunar 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(5)</sup>,með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 389/06/COL frá 13. desember 2006 um að hefja formlega rannsókn af því tagi sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(6)</sup>,eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila <sup>(7)</sup>, og farið yfir athugasemdir sem bárust,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

## I. MÁLSATVIK

### 1 Málsmeðferð

Með bréfi dagsettu 17. mars lagði fyrirtækið North European Aviation Resources AS („NEAR“ eða „kvartandi“ í því sem hér fer á eftir) fram kvörtun um aðstoð sem veitt hefði verið, samkvæmt endurskoðuðum fjárlögum, fyrirtækinu Norwegian Aviation College („NAC“ í því sem hér fer á eftir). Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 20. mars 2006 (skjal nr. 366921). Með bréfi dagsettu 25. ágúst 2006, sem barst stofnuninni og var skráð hjá henni 28. ágúst (skjal nr. 385471), lagði NEAR fram viðauka við kvörtunina og sneri hann að ýmsum greiðslum sem NAC hefði fengið frá Tromsfylki og sveitarfélaginu Målselv.

Í bréfum dagsettum 11. apríl 2006 (skjal nr. 369763) og 7. september 2006 (skjal nr. 385794) greindi Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi frá kvörtuninni og viðaukanum við hana og beindi því til þeirra að leggja fram athugasemdir.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslenska textanum.]

<sup>(2)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú Stjórnartíðindi Evrópusambandsins; Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Reglunum var breytt síðast 25. apríl 2007. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

<sup>(6)</sup> „Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB C 77, 5.4.2007, bls. 35, og EES-viðbætur nr. 17, 5.4.2007, bls. 16.

Að lokinni yfirferð á þeim athugasemdum greindi stofnunin stjórnvöldum í Noregi frá því, í bréfi dagsettu 13. desember 2006 (skjal nr. 401508), að ákveðið hefði verið að hefja formlega rannsókn af því tagi sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól með tilliti til aðstoðar sem veitt hefði verið á sviði menntunar atvinnuflugmanna í Tromsfylki <sup>(8)</sup>. Norska ríkinu var boðið að gera athugasemdir við ákvörðunina. Athugasemdir stjórnvalda í Noregi bárust í bréfi dagsettu 15. febrúar 2007, sem barst stofnuninni og var skráð hjá henni 19. febrúar 2007 (skjal nr. 410248).

Ákvörðun 389/06/COL um að hefja formlega rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau. Eftirlitsstofnun EFTA leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila <sup>(9)</sup>.

Stofnuninni bárust tvennar athugasemdir frá hagsmunaaðilum. Með bréfi dagsettu 10. október 2007 (skjal nr. 446322), framsendi stofnunin stjórnvöldum í Noregi þær athugasemdir og gaf þeim kost á að bregðast við þeim. Athugasemdir stjórnvalda í Noregi bárust í bréfi dagsettu 13. nóvember 2007 (skjal nr. 451773).

## 2 Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

### 2.1 Ráðstafanir sem teknar eru til athugunar

#### a) Styrkur við starfsemi NAC

Að sögn stjórnvalda í Noregi var ákveðið á þingi í júní 2005 að veita styrk að fjárhæð 4,5 milljóna NOK vegna „starfsemi á sviði menntunar atvinnuflugmanna í Tromsø/Bardufoss“. Mennta- og rannsóknaráðuneytið greiddi styrkinn beint til NAC 8. júlí 2005.

Annar styrkur að fjárhæð 4,5 milljóna NOK var tilgreindur í fjárlögum ársins 2006 og jafnhár styrkur var enn í frumvarpi til fjárlaga ársins 2007. Að sögn stjórnvalda í Noregi var þinginu hins vegar greint frá kvörtuninni og var frekari fjárveitingum til NAC þá frestað þar til leyst hefði verið úr málinu.

#### b) Verkefnastyрkir til Norsk Luftfartshøgskole

Stjórnvöld í Tromsfylki hafa staðfest að samkvæmt ákvörðun frá 6. júlí 2006 hafi þau veitt Norsk Luftfartshøgskole (NLH) verkefnastyрki að fjárhæð 1,9 milljóna NOK, en þar er að sögn stjórnvalda í Noregi um að ræða sjálfseignarstofnun sem sett var á fót í því skyni að efla menntun flugmanna í norðanverðum Noregi.

#### c) Lánveiting Tromsfylkis til NAC og niðurfelling þess láns

Að sögn stjórnvalda í Tromsfylki veittu þau NAC lán að fjárhæð 400 000 NOK árið 1999 í samræmi við áætlun um lánveitingar til uppbyggingar í héraði sem tilkynnt hefur verið til Eftirlitsstofnunar EFTA og hlotið samþykki hennar. Samkvæmt upphaflegum skilmálum lánsins átti fyrirtækið að hefja greiðslur af láninu að þremur árum liðnum og miða skyldi við markaðsvexti. Eftir að greiðslum af láninu hafði verið frestað oft en einu sinni ákváðu stjórnvöld í Tromsfylki hinn 6. júlí 2006 að fella lánið niður með því skilyrði að allir aðrir kröfuhafar tækju þátt í endurskipulagningu á skuldum NAC.

#### d) Lánsábyrgð

Stjórnvöld í Tromsfylki hafa staðfest að þau hafi veitt NAC ábyrgð á skuld að fjárhæð 500 000 NOK frá 1. september 2002 til 1. september 2012 án þess að NAC hafi verið gert að greiða áhættugjald.

#### e) Lán sveitarfélagsins Målselv til NLH

Sveitarstjórnin í Målselv hefur greint frá því að samkvæmt ákvörðun frá 19. júlí 2006 hafi hún veitt NAC vikjandi lán að fjárhæð 1,3 milljóna NOK með 8,5% árlegum vöxtum og að lánið ásamt áföllnum vöxtum hafi átt að gjaldfalla í árslok 2007. Hinn 24. apríl 2008 ákvað

<sup>(8)</sup> Um nánar upplýsingar um bréfaskipti milli stjórnvalda í Noregi og Eftirlitsstofnunar EFTA vísast til ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

<sup>(9)</sup> Sjá 7. nmgr. hér á undan.



sveitarstjórnin í Målselv að fresta gjalddaganum til 31. desember 2008. Stjórnvöld í Noregi hafa síðar staðfest að lánið hafi verið ætlað og greitt NLH.

## 2.2 *Markmið að baki ráðstafananna sem eru til athugunar*

### a) Styrkur

Að sögn stjórnvalda í Noregi hefur sú breyting orðið undanfarin ár að annars vegar hefur flugher landsins síður tók á því en áður að þjálfa flugmenn til starfa utan hersins og hins vegar leggur flugfélagið SAS nú minna fé til menntunar atvinnuflugmanna. Líta má á hinar umdeildu fjárveitingar sem afleiðingu af þessum breytingum. Aðeins er heimilt að nota styrkinn til að tryggja að NAC geti sinnt menntun atvinnuflugmanna eftir sem áður, og þykir einkum áriðandi að viðhalda getu til að mennta atvinnuflugmenn í Noregi og koma í veg fyrir að skortur verði á flugmönnum.

### b) Verkefnastyrkir til NLH

Að sögn stjórnvalda í Tromsfylki hafa verkefnastyrkir verið veittir með það að markmiði að byggja upp og efla kunnáttu á sviði flugmála í fylkinu.

### c) Lánveiting Tromsfylkis til NAC og niðurfelling þess láns

Stjórnvöld í Tromsfylki telja að fjárhagsstaða NAC hafi verið með þeim hætti að nauðsynlegt hafi verið að fresta afborgunum af láninu og afskrifa það að lokum með öllu.

### d) Lánsábyrgð

Þess var krafist að eigendur NAC tækju á sig ábyrgð á skuldum þess í réttu hlutfalli við eignarhlut sinn og var um að ræða lán til kaupa á flughermi.

### e) Lán sveitarfélagsins Målselv til NLH

Markmiðin með þessari lánveitingu voru ekki tilgreind.

## 2.3 *Landslöggiöf sem liggur til grundvallar aðstoðarráðstöfuninni*

Beini styrkurinn að fjárhæð 4,5 milljóna NOK var veittur samkvæmt heimild í endurskoðuðum fjárlögum ársins 2005 (1. liður 281. kafla). Sá fjárlagaliður tekur einnig til 574 000 NOK fjárveitingar sem varðar ekki þær ráðstafanir sem hér eru til athugunar.

Aðrar ráðstafanir, sem hér ræðir um, eru til komnar vegna ákvarðana annaðhvort fylkisstjórnar Troms eða bæjarráðs sveitarfélagsins Målselv.

## 2.4 *Viðtakendur/styrkþegar*

NAC er hlutafélag sem hefur verið skráð í Noregi frá árinu 1993. NAC var í eigu SAS (60%), Norsk Luftfartshøgskole (29%) og annarra minni hluthafa. Í nóvember árið 2006 jók NLH eignarhlut sinn í NAC í 95,65%. Þau 4,35% eignarhlutarins, sem eftir standa, eru í eigu Hurtigruten AS.

Menntun atvinnuflugmanna er hvergi veitt í Tromsø/Bardufoss-héraðinu nema hjá NAC, og var fyrirtækið því hið eina sem hugsanlega gat notið góðs af styrkveitingu þingsins.

NAC er einnig viðtakandi lánsins (sem síðar var felld niður) og lánsábyrgðarinnar sem stjórnvöld í Tromsfylki veittu. Verkefnastyrkirnir frá Tromsfylki runnu til Norsk Luftfartshøgskole, sem og lánið frá sveitarfélaginu Målselv.

Norsk Luftfartshøgskole er sjálfseignarstofnun sem skráð hefur verið í Noregi frá árinu 1997. Stofnendur hennar eru fylkisstjórn Troms, SAS Flight Academy og sveitarfélögin Bardu og Målselv. Skráður tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er útleiga fasteigna og skráð markmið hennar er að efla menntun atvinnuflugmanna í norðanverðum Noregi með því að undirbúa, setja á fót og samræma námsleiðir og útvega húsnæði eftir þörfum.

### 3 Ákvörðun um að hefja formlega rannsókn

Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn að ekki væri unnt að útiloka að ríkisaðstoð hefði verið veitt og að með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum væri óvíst hvort sú aðstoð væri samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

### 4 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi við þá ákvörðun

Stjórnvöld í Noregi lýstu þeirri skoðun að hinar umdeildu fjárveitingar hefðu ekki í för með sér ríkisaðstoð þar sem menntunin, sem boðin er hjá NAC, væri ekki atvinnustarfsemi og því bæri ekki að meta hana með vísan til ákvæða 61. gr. EES-samningsins. Stjórnvöld í Noregi héldu því einnig fram að jafnvel þótt starfsemin félli undir þau ákvæði yrðu hinar umdeildu fjárveitingar að teljast endurgjald fyrir veitta þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

Það er álit stjórnvalda í Noregi að ekki skuli lítið á menntun sem atvinnustarfsemi, jafnvel þótt hún sé utan hins opinbera menntakerfis. Kennslan, sem NAC býður, er í samræmi við námskrá og námskröfur sem kveðið er á um í landslögum í Noregi, nánar tiltekið lögum um loftferðir. Þá er nú til athugunar að fella menntun atvinnuflugmanna inn í opinbera menntakerfið. Stjórnvöld í Noregi telja að aukin tilhneiging til að láta nemendur bera kostnaðinn af náminu geti leitt til skorts á flugmönnum (en áður var kostnaðinum skipt milli flugfélaga og nemenda). Námi af þessu tagi fylgir mikill kostnaður og enda þótt það sé á vegum einkafyrirtækja virðist það ekki geta talist rekstur í hagnaðarskyni<sup>(10)</sup>. Þannig er það álit stjórnvalda í Noregi að með vísan til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins megi telja að ríkið hafi með hinum umdeildu fjárveitingum einfaldlega fullnægt skyldum sínum gagnvart almenningi á sviði menntamála.

Til vara lýsa stjórnvöld í Noregi þeirri skoðun að hinar umdeildu fjárveitingar skuli teljast lögmætar með vísan til ákvæða 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Þau benda sérstaklega á að ríkið hafi talsvert svigrúm þegar kemur að því að skilgreina „þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu“ og líta svo á að það hugtak nái yfir flugmannsnámið sem NAC býður. Í því tilliti taka þau sérstaklega fram að námið, sem NAC býður og er eina heildstæða námsbraut á sviði atvinnuflugs sem felur í sér þjálfun í Noregi, hafi skipt afar miklu máli um fullnægjandi framboð á flugmönnum á markaði í Noregi. Stuðningur við flugmannsnám við NAC falli þannig undir almenna menntastefnu og tengist beint hagsmunum almennings til lengri tíma lítið. Þá sé ekki um neina mismunun að ræða þar eð heildstæð menntun á þessu sviði sé hvergi í boði annars staðar í Noregi.

Stjórnvöld í Noregi lýsa þeirri skoðun að fyrsta skilyrði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, þ.e. að fyrirtæki hafi verið sérstaklega falið að veita þjónustu, sé fullnægt með því að binda fjárveitinguna við „*menntun atvinnuflugmanna í Tromsfylki/Bardufoss*“, auk ákvæða norskra loftferðalaga. Stjórnvöld í Noregi telja að annað skilyrðið feli í sér að ganga þurfi úr skugga um að ekki sé um að ræða „augljósa misbeitingu“, fremur en að „*eðlileg tengsl*“ séu milli setts markmiðs og aðferðanna sem beitt er til að ná því. Álit þeirra er að undanþágan gildi þegar hún er nauðsynleg til að gera fyrirtækinu kleift að sinna hlutverki sínu við viðunandi fjármálaskilyrði<sup>(11)</sup>. Stjórnvöld í Noregi telja útilokað að um ofgreiðslur geti verið að ræða og benda á að 4,5 milljóna NOK fjárveiting nægi aðeins fyrir 20% af kostnaði við rekstur atvinnuflugmannsnámsins.

Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á að það skilyrði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins að ekki megi raska þróun viðskipta „*í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna*“ sé vægara en það viðmið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins um áhrif á viðskipti sem notað er til að ákvarða að ríkisaðstoð hafi verið veitt. Þau nefna jafnvægisprófið sem Evrópudómstóllinn hefur vísað til í dómum sínum<sup>(12)</sup> og líta svo á að í því tilliti hvíli sönnunarbyrðin á Eftirlitsstofnun EFTA<sup>(13)</sup>.

<sup>(10)</sup> Til stuðnings þessu virðast stjórnvöld vísa til slitameðferðarinnar sem stjórn NAC hefur óskað eftir.

<sup>(11)</sup> Þessu til stuðnings er bent á að NAC hefur nú verið tekið til gjaldþrotaskipta.

<sup>(12)</sup> Mál 202/88 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu (endanotendabúnaður fjarskiptakerfa)*, [1991] ECR I-1223, 12. mgr.

<sup>(13)</sup> Þessu til stuðnings vísa stjórnvöld í Noregi til máls C-159/94 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu* [1997] ECR I-5815, 112. og 113. mgr.

*Sérstakar athugasemdir stjórnvalda í Tromsfylki*

Stjórnvöld í Tromsfylki líta svo á að það varði ríka þjóðarhagsmunum að sjá til þess að unnt sé að veita flugmönnum trausta menntun. Þau telja að þátttaka fylkisins í fjárhagslegri endurskipulagningu NAC, bæði óbein þátttaka (lánsábyrgð og niðurfellingu láns) og bein (sem eigandi NLH), hafi verið eðlileg markaðsstarfsemi og leggja áherslu á að framlag þess hafi verið bundið því skilyrði að aðrir kröfuhafar tækju þátt í endurskipulagningu skuldanna <sup>(14)</sup>.

Stjórnvöld í Troms lögðu fram þær skýringar að lánsábyrgðin hefði gert kleift að afla láns til kaupa á flughermi. Til þess að komast hjá útgjöldum vegna þessa í upphafi var nauðsynlegt að endanlegir eigendur NAC tækju ábyrgð á láninu. Ábyrgð Tromsfylkis nær til 12,27% af lánsfjárhæðinni. Stjórnvöld í Tromsfylki nefna sérstaklega að sambandið milli NAC og fylkisins séu tengsl móðurfélags við dótturfélag. Þau taka einnig fram að þótt krafist hefði verið áhættugjalds hefði það ekki orðið hærra en sem nemur hámarki minniháttaraðstoðar.

*Sérstakar athugasemdir sveitarstjórnarinnar í Målselv*

Sveitarstjórnin í Målselv leggur áherslu á að um það leyti sem lánið var veitt hefði verið talið að fjárhagsörðugleikar NAC væru tímabundnir og að hagsmunir sveitarfélagsins hefðu ráðið þátttöku þess í yfirstandandi endurfjármögnun fyrirtækisins. Sveitarstjórnin lýsir þeirri skoðun að meðan líta megi svo á að áhætta hafi verið metin á fullnægjandi og hlutlægan hátt þegar ákveðið var að veita lánið beri Eftirlitsstofnun EFTA ekki að leggja mat á vextina sem ákveðnir voru, nema svo virðist sem engin hlutlæg og raunsæ rök séu fyrir því að einkafjárfestir hefði lánað fé við þær aðstæður sem lýst er í málinu.

**5 Athugasemdir frá öðrum hagsmunaaðilum**

Með bréfi dagsettu 3. maí 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni sama dag (skjal nr. 420011), lagði fyrirtækið Rørosfly AS fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn. Þar er tekið undir sjónarmið kvartanda og lögð áhersla á það samkeppnisforskot sem fylgi opinberum stuðningi við aðeins einn flugskóla.

Með bréfi dagsettu 4. maí 2007, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni sama dag (skjal nr. 420422), lagði kvartandi fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn. Hann tekur fram strax í upphafi að lýsing stjórnvalda í Noregi á menntun flugmanna sé ekki rétt og heldur því fram að fyrirtæki kvartanda og NAC hafi sams konar rekstrarleyfi (sem Flugmálastjórn Noregs hafi gefið út) og að bæði fyrirtækin bjóði heildstæða menntun fyrir þá sem hafi í hyggju að gerast atvinnuflugmenn í Noregi <sup>(15)</sup>.

Að því er varðar þá röksemd að NAC stundi ekki starfsemi í atvinnuskyni bendir kvartandi á að hugtakið „fyrirtæki“ hafi víða merkingu og mælikvarði sé hvort viðkomandi rekstrareining stundar starfsemi sem sé atvinnurekstur, þ.e. feli í sér framboð á vörum eða þjónustu á markaði sem ekkert væri því til fyrirstöðu að einkafyrirtæki sinni í hagnaðarskyni <sup>(16)</sup>. Að áliti kvartanda hefur NAC með höndum dæmigerða atvinnustarfsemi sem hefur augljósan efnahagslegan tilgang. Þessu til stuðnings vísar kvartandi til þess að umfangsmikil kynningarstarfsemi NAC sé dæmigerð fyrir markaðsfyrirtæki. NEAR vísar einnig til fjölgunar sem orðið hafi í hópi eigin nemenda eftir að NAC var slitið til merkis um samkeppni sem ríki milli mismunandi flugskóla.

Að því er varðar beitingu 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins telur kvartandi óljóst hvers eðlis nákvæmlega sú þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu er sem stjórnvöld í Noregi vísa til. Allir flugskólar í Noregi verða að fylgja sömu lands- og alþjóðareglum. Af þessum sökum kemur ekki til greina að líta á NAC í heild sem þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu; NAC verður að hafa eitthvað „sérstakt“ að bjóða í samanburði við hina skólana. Kvartandi nefnir að eini „sérstaki“ þátturinn, sem hugsanlegt sé að telja einkenni á starfsemi NAC, sé að öll þjálfun

<sup>(14)</sup> Stjórnvöld í Tromsfylki lögðu fram gögn til staðfestingar á því að tvö önnur einkarekin fyrirtæki, sem hefðu átt útistandandi kröfur að fjárhæð 200 000 NOK, hefðu einnig felld niður skuldir NAC í tengslum við endurskipulagninguna.

<sup>(15)</sup> Kvartandi bendir á að þótt nemendur við NEAR eigi kost á að ljúka þjálfun sinni að öllu leyti í Noregi kjósi þeir flestir að nýta sér þjálfun sem er í boði erlendis. Munurinn liggir í því að NAC bjóði ekki þjálfun erlendis og allir nemendur þar ljúki því þjálfun sinni að fullu í Noregi.

<sup>(16)</sup> Í þessu tilliti vísar kvartandi til mála C-41/90 *Höfner* [1991] ECR I-1979 og C-244/94 *Fédération Française des Sociétés d'Assurance* [1995] ECR I-4013. Aftur á móti er hreint félagslegt hlutverk stofnunar, sem fjallað er um í máli C-159/91 *Poucet et Pistre* [1993] ECR I-637, notað sem dæmi um flokkun rekstrareiningar sem eitthvað annað en fyrirtæki.

í náminu fari fram í Noregi. Þó sé það svo að eðli þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu sé að hún væri ekki veitt ef stuðningur hins opinbera kæmi ekki til, en NEAR bjóði heildstætt flugmannsnám þar sem þjálfunin fer eingöngu fram í Noregi (og á lægra verði en NAC). Af þessu dregur kvartandi þá niðurstöðu að það verði að teljast augljós mistök að flokka umrædda þjónustu sem þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Þá telur kvartandi að hvað sem öðru líði sé ekki fullnægt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Kvartandi ber brögður á þá fullyrðingu stjórnvalda í Noregi að ákvæði í norskum loftferðalögum og fjárlögnum feli í sér að fyrirtækinu hafi verið falið með stjórnvaldsathöfn að veita umrædda þjónustu. Þá hátti svo til, með vísan til kaflans um endurgjald fyrir almannathjónustu í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð, að hvorki komi fram í opinberum skjölum hvert sé eðli viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu nákvæmlega né hvernig skuli háttáð útreikningi á endurgjaldi, eftirliti með því og endurskoðun. Í þessu tilliti nefnir kvartandi að stjórnvöld í Noregi hafi ekki gert grein fyrir neinum kostnaði af þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu (þ.e. kostnaði sem tengist hugsanlegri „skyldu“ að sjá um alla flugkennslu í Noregi). Raunar heldur kvartandi því fram að NEAR gæti veitt sömu menntun fyrir lægra verð<sup>(17)</sup>.

Loks gerir kvartandi athugasemdir við „einkafjárfestaregluna“. Hann telur að NAC hafi átt í fjárhagsörðugleikum að minnsta kosti frá þeim tíma að SAS hætti stuðningi sínum við námið árið 2005 og að um það leyti sem „fjárfestingin“ hafi átt sér stað hafi stjórnvöld í Noregi ekki haft nokkra ástæðu til að ætla að fjárframlagið myndi skila eðlilegri ávöxtun. Að því er það atriði varðar að stjórnvöld áttu hlut í NAC vísar kvartandi til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins og lýsir þeirri skoðun að andstætt þeirri dómaframkvæmd hafi „fjárfestingarnar“ ekki átt sér stað óháð öðrum þáttum, heldur hafi þær verið ákveðnar með hliðsjón af félagslegum atriðum, byggðahagsmunum og atvinnumálum. Nánar tiltekið er það skoðun kvartanda að líta verði á Norsk Luftfartshøgskole sem fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og að 1,9 milljóna NOK styrkur til þess hafi í för með sér efnahagslegt hagræði sem sé til þess fallið að raska samkeppni. Þá sýni sú staðreynd að um sjálfseignarstofnun er að ræða að fjárfestingarnar geti vart talist í samræmi við einkafjárfestaregluna. Kvartandi ítrekar ofangreind atriði og dregur þá niðurstöðu að hvorki hafi Norsk Luftfartshøgskole verið falið að inna af hendi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins né sé fjárveitingin í nokkru samræmi við kostnað af hugsanlegri meintri þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu.

Kvartandi tilgreinir einnig tvo aðra þætti sem hugsanlega geti falið í sér aðstoð, með vísan til athugasemda stjórnvalda í Noregi við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn: NLH felldi niður um tíma leigu sem NAC bar að greiða fyrir heimavist nemenda og lækkaði greiðslur fyrir leigu á flugskýlum og skrifstofuáðstöðu. Kvartandi telur að þessar ákvarðanir geti ekki verið í samræmi við einkafjárfestaregluna og að þær feli því í sér að ríkisaðstoð hafi runnið frá NLH til NAC.

Að því er varðar niðurfellingu lánsins<sup>(18)</sup> lýsir kvartandi þeirri skoðun að ekki sé nægilegt að sýna fram á að einkafjárfestar hafi einnig fellt niður skuldir og heldur fast við þá skoðun að lánaniðurfellingin hafi í för með sér ríkisaðstoð sem sé ekki í samræmi við einkafjárfestaregluna. Nánar tiltekið telur kvartandi að fylkisstjórnin hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni að gerð hafi verið áætlun um endurskipulagningu sem leitt gæti til viðunandi ávöxtunar.

Að því er lánsábyrgðina varðar ber kvartandi brögður á þá fullyrðingu stjórnvalda í Noregi að móðurfélög innheimti venjulega ekki áhættugjald í tengslum við lánveitingar til dótturfélaga, og vísar til norskra hlutafélagalaga, greinanna 3-8 og 3-9, því til stuðnings að hið gagnstæða sé raunin.

Með tilliti til vaxtaþrósentunnar 8,5% á láninu frá sveitarfélaginu Målselv ítrekar kvartandi loks sjónarmiðin sem liggja að baki einkafjárfestareglunni og dregur þá niðurstöðu að með vísan til fjárhagsstöðu NAC endurspegli þessir vextir ekki áhættuna af lánveitingunni og því beri að flokka þá sem styrk sem einkafjárfestir hefði ekki veitt.

<sup>(17)</sup> Með vísan til áætlaðs kostnaðar við nám hvers nemanda við NAC, þ.e. 937 500 NOK, heldur kvartandi fram þeirri skoðun að NAC fái of háar greiðslur, þar eð kostnaður við námið í NEAR sé 512 000 NOK þegar það er allt stundað í Noregi.

<sup>(18)</sup> Kvartandi bendir á að fylkisstjórnin hafi hvorki gert athugasemd við upphaflegu lánveitinguna né frestun greiðslna árið 2003. Hann telur enn að ríkisaðstoð sé einnig fólgin í þessum þáttum.

## 6 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi við ofangreint

Stjórnvöld í Noregi brugðust við athugasemdum Rørosfly og kvartanda með því að leggja áherslu á það, í fyrsta lagi, að NAC sé ekki lengur starfandi sem lögaðili, og í öðru lagi að þar eð NEAR hvetji nemendur sína ekki sérstaklega til að stunda allt námið í Noregi hafi stuðningur við NAC verið talin besta leiðin til að stuðla að uppbyggingu flugnáms í Noregi.

## II. MAT

### 1 Atriði sem ákvörðunin tekur til

Í athugasemdum sínum við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn lýsa stjórnvöld í Noregi tengslunum milli NLH og NAC og nefna að með hliðsjón af fjárhagsörðugleikum hins síðarnefnda hafi NLH fellt niður um tíma leigu fyrir heimavistina sem leigð var til NAC og lækkað greiðslur fyrir leigu á flugskýlum og skrifstofuástöðu.

Kvartandi bendir sérstaklega á þetta atriði sem tvö frekari dæmi um aðstoð við NAC, en stjórnvöld halda því fram að um hafi verið að ræða eðlilega ákvörðun við ríkjandi aðstæður. Þessar ráðstafanir féllu ekki undir ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn.

Þá má sjá af upplýsingum, sem stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram um viðtakanda lánsins frá sveitarfélaginu Målselv, að lýsingin á þeirri ráðstöfun í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn er ekki lengur rétt. Stjórnvöld í Noregi hafa einnig staðfest að bæði það lán og verkefnastyrkirnir, sem Tromsfylki veitt NLH, hafi runnið til NAC „*til greiðslu á þjónustu sem var nauðsynleg vegna þróunarverkefnis*“. Þessi tilflutningur fjár var ekki heldur nefndur í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn.

Að því er varðar breytinguna á viðtakanda lánsins frá sveitarfélaginu Målselv lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hin umdeilda ráðstöfun, þ.e. lánveiting sveitarfélagsins á ívilnandi vöxtum, geti enn talist hin sama og lýst er í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn og verður sú ráðstöfun því metin með tilliti til hins nýja viðtakanda í stað NAC. Þegar litið er til annarra ráðstafana, sem tilgreindar hafa verið, virðist stofnuninni hins vegar ekki ljóst að enginn vafi leiki á um hvort þær samrýmist ríkisaðstoðarregluglunum. Engin niðurstaða verður því dregin um þessi atriði og verður ekki fjallað um þau frekar í þessari ákvörðun. Þessi ákvörðun tekur því aðeins til þeirra ráðstafana sem lýst hefur verið í liðunum a) til e) í undirkafla I-2.1 hér á undan.

### 2 Hefur verið veitt ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*

Áður en farið er yfir þessi viðmið hvert og eitt er rétt að víkja sérstaklega að einu atriði sem varðar eðli starfseminnar sem NAC hefur með höndum, þ.e. menntun atvinnuflugmanna.

Ekki er annað að sjá en samkeppnismarkaður sé fyrir hendi á þessu sviði, enda er kostnaðurinn við þessa þjónustu verulegur. Þótt hér sé um að ræða þjónustu á sviði menntamála breytir það ekki eitt og sér eðli hennar sem atvinnustarfsemi. Þvert á móti virðist dómaframkvæmdin, sem stjórnvöld í Noregi vísa til, styðja þá túlkun að þótt nám í opinbera menntakerfinu teljist ekki þjónusta í skilningi 50. gr. EB-sáttmálans<sup>(19)</sup> gilda ákvæði þeirrar greinar um nám sem er fjármagnað að mestu með framlögum einkaaðila, og þá fyrst og fremst nemenda eða foreldra þeirra<sup>(20)</sup>. Þá má yfirfæra þessar röksemdir, sem lúta að hugtakinu „þjónusta“ eins og það er skilgreint í 49. gr. EB-sáttmálans og 36. gr. EES-samningsins, á ríkisaðstoð og þá spurningu hvort tiltekin starfsemi

<sup>(19)</sup> Ákvæði 37. gr. EES-samningsins eru samhljóða þeirri grein.

<sup>(20)</sup> Sjá mál C-109/92 *Wirth*, [1993] ECR I-6447, 14.–17. mgr. EFTA-dómstóllinn hefur nýlega staðfest þessa túlkun í máli Case E-5/07 *Private Barnehagers Landsforbund*, sjá dóm frá 21. febrúar 2008, [2008] skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 64, 80. mgr. og áfram.

er atvinnustarfsemi og því á vegum fyrirtækis í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins <sup>(21)</sup>. Því hefur ekki verið haldið fram, og ekkert af málgögnunum gefur ástæðu til að ætla, að námið við NAC sé ekki fjármagnað að mestu með framlögum einkaaðila. Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er því sú að sú menntun atvinnuflugmanna, sem NAC hafði með höndum áður en fyrirtækið varð gjaldþrota, hafi verið starfsemi í atvinnuskyni og að NAC sé því fyrirtæki í skilningi 61. mgr. EES-samningsins.

### 2.1 Er gengið á ríkisfjármuni?

Aðstoðarráðstöfunin verður að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna.

Hin umdeilda fjármögnun er fölgín í beinum styrk sem veittur var á grundvelli endurskoðaðra fjárlaga eða fjárframlögum eða ívilnunum af hálfu sveitarstjórnar. Því er ljóst að fjármögnunin var öll á vegum ríkisins eða fölgín í nýtingu ríkisfjármuna.

### 2.2 Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?

Aðstoðarráðstöfunin verður í fyrsta lagi að færa viðtakanda ávinning sem hlífir honum við greiðslum sem hann þyrfti ella að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Þó ber aðeins að meta á grundvelli 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þann tilflutning fjármuna sem nýtist **fyrirtækjum**. Áður en fjallað er um sjálfar ráðstafanirnar, sem hér eru til athugunar, verður því að taka til skoðunar hvort viðtakendur fjárens eru fyrirtæki í skilningi þess ákvæðis.

Eins og þegar hefur verið nefnt er NAC augljóslega fyrirtæki og sú staðreynd að það sinnir starfsemi á sviði menntamála breytir engu um þá niðurstöðu í þessu tilviki.

Aftur á móti virðist sem NLH hafi ekki með höndum neina atvinnustarfsemi sem fjármagni hefur verið veitt til. Samkvæmt viðtekinni dómafrákvæmd einkennist atvinnustarfsemi helst af sölu á vörum og þjónustu á tilteknum markaði <sup>(22)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki fengið í hendur neinar upplýsingar sem bent geti til þess að það geti talist rétt lýsing á ráðstöfunum til að stuðla að rekstri menntunar fyrir atvinnuflugmenn í norðanverðum Noregi. Raunar má einmitt ráða af viðtekinni dómafrákvæmd að aðeins sú þjónusta, sem venjulega er veitt gegn gjaldi, skuli teljast þjónusta í skilningi EES-samningsins <sup>(23)</sup>. Ekki aðeins háttar svo til að NLH þiggur enga greiðslu fyrir starfsemi sína, heldur tengist fjármögnunin, sem skólinn stundar í samræmi við það markmið að stuðla að rekstri menntunar atvinnuflugmanna í norðanverðum Noregi, fremur félagslegum markmiðum af því tagi sem EFTA-dómstóllinn gerði grein fyrir í *Private Barnehagersmálinu*, en þar var niðurstaðan sú að norska ríkið sæktist ekki eftir því að stunda atvinnurekstur heldur að fullnægja skyldum sínum gagnvart landsmönnum á sviði félagsmála, menningar og menntunar <sup>(24)</sup>. Raunar er það svo að fjármögnun Tromsfylkis í þágu NLH líkist meira innri millifærslum, í þeim skilningi að fjármunirnir hafi verið teknir frá til þeirra nota að styrkja atvinnuflugmannsnám á landsvæðinu sem er á ábyrgð fylkisstjórnarinnar, en greiðslu fyrir veitta þjónustu. Áframgreiðsla þessa fjár til fyrirtækja á borð við NAC, sem hafa með höndum atvinnustarfsemi á sviði menntunar atvinnuflugmanna, getur að vísu talist ríkisaðstoð, en fellur þá ekki undir gildissvið þessarar ákvæðunar eins og tekið var fram í undirkafla II-1. Að því er varðar upphaflegar greiðslur til NLH er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að NLH hafi ekki getað talist viðtakandi aðstoðar, að minnsta kosti um það leyti sem greiðslurnar áttu sér stað, og að ekki sé þörf á frekari athugun á þeim tveimur ráðstöfunum sem NLH naut góðs af. Eftirlitsstofnun EFTA mun því aðeins fjalla um hvort hagræði hafi skapast vegna þeirra ráðstafana sem NAC naut góðs af, þ.e.:

- beinnar styrkveitingar að fjárhæð 4,5 milljóna NOK af fjárlögum,
- lánveitingar Tromsfylkis og niðurfellingar þess láns,
- lánsábyrgðar Tromsfylkis án áhættugjalds.

Bein styrkveiting með það að markmiði að létta rekstrarkostnað fullnægir augljóslega þessu skilyrði.

<sup>(21)</sup> Mál E-5/07 *Private Barnehagers Landsforbund*, sjá tilvísun í 80. mgr. hér á undan.

<sup>(22)</sup> Mál C-205/03 P *FENIN*, [2006] ECR I-6295, 25. mgr.

<sup>(23)</sup> Mál E-5/07 *Private Barnehagers Landsforbund*, sjá tilvísun í 81. mgr. hér á undan.

<sup>(24)</sup> Mál E-5/07 *Private Barnehagers Landsforbund*, sjá tilvísun í 83. mgr. hér á undan.

Að sögn stjórnvalda í Tromsfylki veittu þau NAC lán að fjárhæð 400 000 NOK árið 1999 í samræmi við áætlun um lánveitingar til uppbyggingar í héraði sem tilkynnt hefur verið til Eftirlitsstofnunar og hlotið samþykki hennar. Niðurfelling láns dregur einnig úr fjárhagsbyrðum sem ella hvíldu á viðtakanda. Hins vegar getur viðtakandi ekki talist njóta hagræðis í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef eðlileg markaðslögmál hafa ráðið slíkri aðgerð. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnvöldum í Noregi skuldaði NAC eftirtöldum aðilum ótryggt langtímalán í árslok 2005: Sparebanken Finans Nord-Norge AS (2 877 000 NOK), Tromsfylki (400 000 NOK), Indre Troms Samvirkelag BA (200 000 NOK) og Eriksen Eiendom (200 000 NOK). Stjórnvöld í Noregi hafa staðfest að tvö síðarnefndu fyrirtækin, sem bæði verða að teljast einkafjárfestar, hafi heimilað niðurfellingu lánanna sem þau höfðu veitt NAC, en Sparebanken Finans Nord-Norge hafi aðeins frestað innheimtu afborgana fyrir síðara hluta ársins 2006, en ekki veitt undanþágu frá vaxtagreiðslum. Þó að gera verði þá kröfu að opinberir aðilar innheimti skuldir af sama krafti og kröfuhafar í einkarekstri lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á í þessu tilviki að þar eð einkareknir markaðsaðilar hafi einnig fellt niður útistandandi skuldir NAC teljist slík aðgerð af hálfu Tromsfylkis ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð.

Í undirkafla 2.1 í kaflanum um ríkisábyrgð í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð er tekið fram að sé ekkert áhættugjald greitt í tengslum við veitta ábyrgð hafi það í för með sér hag fyrir lántakanda og að gengið sé á ríkisfjármuni. Því virðist sem ábyrgðin, sem Tromsfylki veitt NAC hafi haft í för með sér hagræði fyrir NAC og þannig ívilnað því fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Í öðru lagi verður ráðstöfunin að vera sértæk í þeim skilningi að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“. Ráðstafanirnar, sem hér eru til athugunar, beindust sérstaklega að NAC og eru því augljóslega sértækar.

### 2.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Til þess að ráðstafanirnar geti talist hafa í för með sér ríkisaðstoð verða þær að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins. Með hliðsjón af því að NAC stundar beina samkeppni við aðrar stofnanir í Noregi og víðs vegar í Evrópu, sem bjóða atvinnuflugmannsnám í samræmi við sameiginlegar Evrópureglur (flugliðaskírteini Flugöryggissamtaka Evrópu, skammst. JAA-FCL), virðist sem fjárveitingarnar styrki stöðu viðtakandans og séu því til þess fallnar að raska samkeppni milli slíkra skóla og hafa áhrif á viðskipti milli ríkjanna sem þeir starfa í.

### 2.4 Niðurstaða

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að eftirtaldar ráðstafanir hafi ekki í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

- verkefnastyрkir Tromsfylkis til NLH (stafl. b) í undirkafla I-2.1 hér á undan),
- niðurfelling láns sem Tromsfylki hafði veitt NAC (stafl. c) í undirkafla I-2.1 hér á undan) og
- lán sem sveitarfélagið Målselv veitti NLH (stafl. e) í undirkafla I-2.1 hér á undan),

og að eftirtaldar ráðstafanir í þágu NAC hafi í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

- beinn styrkur af fjárlögum að fjárhæð 4,5 milljóna NOK (stafl. a) í undirkafla I-2.1 hér á undan) og
- lánsábyrgð sem Tromsfylki veitti án áhættugjalds (stafl. d) í undirkafla I-2.1 hér á undan).

## 3 Málsmæðferðarreglur

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól: „Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA ekki ráðstafanirnar sem hér hefur verið lýst. Niðurstaða stofnunarinnar er því sú að í tengslum við þær ráðstafanir, sem hér teljast aðstoð (þ.e. beinu styrkveitinguna og lánsábyrgðina sem lýst er annars vegar í stafl. a) og hins vegar í stafl. d) í undirkafla I-2.1 hér á undan), hafi stjórnvöld í Noregi ekki virt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Veittur stuðningur telst því „ólögleg aðstoð“ í skilningi staflíðar f) í 1. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

#### 4 Samrýmist aðstoðin ákvæðum EES-samningsins?

##### 4.1 Mat á grundvelli 61. gr. EES-samningsins

Engar þær aðstæður, sem lýst er í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eiga við í málinu sem hér er til athugunar.

Héraðið, sem málið varðar, fellur ekki undir ákvæði stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og ákvæði stafl. b) í sömu málsgrein eiga ekki við.

Hinar umdeildu fjárveitingar virðast ekki stuðla með beinum hætti að þvergreinamarkmiðum Evrópubandalaganna í skilningi stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, til að mynda rannsóknnum og þróunarstarfi, atvinnusköpun, umhverfisvernd o.s.frv. Raunar hafa stjórnvöld í Noregi ekki vísað til þess undanþáguákvæðis. Eftirlitsstofnun EFTA litur því svo á að hinar umdeildu fjárveitingar geti ekki talist samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins með vísan til ákvæða þeirrar málsgreinar.

##### 4.2 Mat á grundvelli 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins: „Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu [...], að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna“.

Fjallað er um beitingu þessa ákvæðis í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð, kaflanum um endurgjald fyrir almannaþjónustu, en í 25. mgr. þess kafla er tekið fram að ákvæðum hans verði beitt að því er varðar aðstoð sem engin tilkynning berst um og veitt hefur verið eftir að kaflinn var samþykktur. Í öllum öðrum tilvikum verði beitt ákvæðunum sem voru í gildi þegar aðstoðin var veitt. Ráðstafanirnar tvær, sem hér eru til athugunar, komu til framkvæmda áður en viðkomandi leiðbeinandi reglur voru samþykktar (20. desember 2005).

Engar sérstakar reglur giltu um endurgjald fyrir almannaþjónustu áður en sá kafla, á þeim tíma kafla 18C, bættist við leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð (kaflinn nefnist núna einfaldlega Endurgjald fyrir almannaþjónustu). Eftirlitsstofnun EFTA telur engu að síður viðeigandi að byggja mat á eldri ráðstöfunum á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í Evrópu<sup>(25)</sup> með hliðsjón af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins í málum sem tekin höfðu verið fyrir áður en aðstoðin var veitt.

Þá litur stofnunin svo á að ákvæði kafla 18C í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð hafi ekki breytt grundvelli slíks mats í neinum aðalatriðum, heldur aðeins skýrt betur hvað teljist nauðsynlegt til að fullnægja mismunandi viðmiðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

Þannig mun mat á því hvort ráðstafanirnar tvær, sem hér eru til athugunar, samrýmist gildandi reglum fara fram á grundvelli eftirtalinna sjónarmiða (sem öll þarf að uppfylla), að teknu fullu tilliti til þess hvenær ráðstafanirnar komu til framkvæmda og með hliðsjón af því að ákvæði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins fela í sér undanþágu og ber því að túlka þau þröngt.

- Þjónustan, sem um ræðir, verður að vera „þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu“ og er skilmerkilega skilgreind sem slík.

<sup>(25)</sup> Stjórnartíð. EB C 17, 19.1.2001, bls. 4.



- Fyrirtækið, sem um ræðir, verður að hafa fengið umboð til að veita þjónustuna með stjórnvaldsathöfn.
- Beiting samkeppnisreglna sáttmálans (í þessu tilviki bannsins við ríkisaðstoð) verður að hindra að unnt sé að sinna þeim sérstöku verkefnum sem fyrirtækinu hafa verið falin.
- Loks má þróun viðskipta ekki verða fyrir svo miklum áhrifum að stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.

#### *Þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu*

Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hafa umtalsvert svigrúm til að ákveða hversu umfangsmikil þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu þarf að vera og geta lagt á almannaþjónustukvaðir þegar það telst nauðsynlegt til að tryggja það umfang. Skilgreining ríkis á því hvaða þjónusta telst hafa almenna efnahagslega þýðingu verður aðeins vefngd með vísan til þess að um augljós mistök sé að ræða. Aftur á móti gildir það í öllum tilvikum að til þess að beita megi undanþáguákvæði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins verður almannaþjónustuverkefnið að vera skýrt afmarkað.

Í því tilliti má ráða af dómaframkvæmd að hugtakið „þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu“ tekur til þjónustu sem ber sérkenni sem greina hana frá efnahagslegri þýðingu almennrar atvinnustarfsemi<sup>(26)</sup>. Eitt slíkt sérkenni getur verið sú staðreynd að stjórnvöld telji nauðsynlegt að veita þjónustuna jafnvel þar sem markaðshvatar til þess eru ófullnægjandi<sup>(27)</sup>. Þegar tiltekin þjónusta telst hafa almenna þýðingu og fullnægjandi framboð á þeirri þjónustu næst ekki fyrir tilstuðlan markaðsafla geta stjórnvöld í hlutaðeigandi ríki þannig lagt á sértækar almannaþjónustukvaðir til þess að tryggja nægilegt umfang þjónustunnar sem er í boði.

Að því er varðar beinan styrk að fjárhæð 4,5 milljóna NOK bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að samkvæmt viðkomandi fjárlagalið fyrir árið 2005 er um að ræða fjárveitingu til „starfsemi á sviði menntunar atvinnuflugmanna í Tromsø/Bardufoss“. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að þetta geti ekki talist skýrt afmarkað almannaþjónustuverkefni. Þá bendir stofnunin á að jafnvel þótt notuð væru þau rök að séreinkenni þjónustunnar sé að allt námið fari fram í Noregi, og að þar sé að finna hina „almennu þýðingu“ hennar, er ekkert að finna í fjárlagatextanum eða öðrum skjölum, sem stofnunin hefur fengið í hendur, sem gerir slíkt séreinkenni að skilyrði fyrir styrkveitingu.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að í málinu, sem hér er til athugunar, hafi verið gerð augljós mistök við afmörkun þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Því er hér ekki fullnægt skilyrðinu fyrir því að ákvæði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins geti átt við (þ.e. að fyrirtæki inni af hendi þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu).

Loks er það álit stofnunarinnar með tilliti til ráðstöfunarinnar, sem lýst er í stafl. d) í undirkafla I-2.1 hér á undan, að ábyrgð á tiltekinni lánsfjárhæð, sem er skilgreind með almennum orðum, geti ekki talist jafngilda tryggingu fyrir því að tiltekið verkefni er hefur almenna efnahagslega þýðingu sé unnið og að því séu ekki rök fyrir því að meta þá ráðstöfun samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

#### *Fyrirtæki falið að veita þjónustu*

Jafnvel þótt talið væri að viðkomandi þjónusta hafi verið afmörkuð á fullnægjandi hátt gæti undanþága samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins ekki átt við nema fyrirtæki hefði verið falið að sinna almannaþjónustuverkefninu með stjórnvaldsathöfn. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að báðar ráðstafanirnar, sem hér eru til athugunar, virðast hafa verið til fjárhagslegs hagræðis fyrir NAC án þess að fyrirtækinu hafi verið falið að sinna nokkru almannaþjónustuverkefni á móti. Að því er varðar röksemdir stjórnvalda í Noregi um stjórnsýsluframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að það leiði ekki af ákvörðunum þeirrar stjórnsýslustofnunar að það eitt að fá fjárveitingu frá ríkinu feli í sér umboð þegar almannaþjónustuverkefninu er ekki

<sup>(26)</sup> Sjá til dæmis mál C-179/90 *Merci convenzionali porto di Genova*, [1991] ECR I-5889, 28. mgr.

<sup>(27)</sup> Sjá til dæmis orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í Evrópu, sjá tilvísun í 25. nmgr. hér á undan, 14. mgr.

lýst á nokkurn hátt eða útlistað með hvaða skilyrðum ber að veita hana <sup>(28)</sup>. Í þessu tilliti vísar Eftirlitsstofnun EFTA aftur til þess að sé séreinkenni menntunarinnar, sem NAC veitir, talið það að allt námið fari fram í Noregi, og að þar sé að finna hina „almennu þýðingu“ hennar, er ekkert að finna í fjárlagatextanum eða öðrum skjölum, sem stofnunin hefur fengið í hendur, sem gerir slíkt séreinkenni að skilyrði fyrir styrkveitingu.

Þannig verður að telja að jafnvel þótt fyrir lægi að stjórnvöld í Noregi hefðu haft sérstakt almannaþjónustuverkefni í huga þegar ákvæðið var að veita fé til menntunar atvinnuflugmanna fær Eftirlitsstofnun EFTA ekki séð að nokkur merki séu um að NAC hafi verið sérstaklega falið að sinna því verkefni. Af því leiðir að ákvæði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins geta ekki átt við í þessu tilviki.

#### *Meðalhóf*

Tvö síðustu atriðin, sem nefnd eru í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, mynda í sameiningu kröfu um að meðalhófsmat fari fram. Að því er varðar mat á því hvort gengið hefur verið lengra með tilteknum ráðstöfunum en nauðsynlegt er til að tryggja að almannaþjónustuverkefni sé sinnt á fullnægjandi hátt bendir Eftirlitsstofnun EFTA í fyrsta lagi á að ekki er hafið yfir allan vafa að fjárveitingin sé nauðsynleg, þegar litið er til þess að engin skilyrði eru sett fyrir henni, og í öðru lagi að ekkert málefnalegt mat á fjárþörfinni virðist hafa farið fram. Stofnunin dregur því þá ályktun að jafnvel þótt öðrum skilyrðum hefði verið fullnægt hefði skort á að komið væri til mótis við þetta atriði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins í þessu máli.

### **4.3 Niðurstaða**

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er að hvorki beini styrkurinn (stafl. a) í undirkafla I-2.1 hér á undan) né lánsábyrgðin (stafl. d) í undirkafla I-2.1 hér á undan) fullnægi skilyrðunum fyrir því að beita megi ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og að ráðstafanirnar séu því báðar ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins.

### **5 Niðurstaða**

Það er niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að eftirtaldir ráðstafanir hafi ekki í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

- verkefnastyрkir Tromsfylkis (stafl. b) í undirkafla I-2.1 hér á undan),
- niðurfelling láns frá Tromsfylki (stafl. c) í undirkafla I-2.1 hér á undan) og
- lán frá sveitarfélaginu Målselv (stafl. e) í undirkafla I-2.1 hér á undan).

Aftur á móti telur stofnunin að eftirtaldir aðstoðarráðstafanir stjórnvalda í Noregi hafi komist í framkvæmd á ólögmetan hátt:

- beinn styrkur af fjárlögum að fjárhæð 4,5 milljóna NOK (stafl. a) í undirkafla I-2.1 hér á undan) og
- lánsábyrgð sem Tromsfylki veitti án áhættugjalds (stafl. d) í undirkafla I-2.1 hér á undan),

þ.e. brotið hefur verið gegn ákvæðum 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Þessar aðstoðarráðstafanir fullnægja ekki skilyrðum fyrir því að unnt sé að beita ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og eru því ekki samrýmanlegar framkvæmd samningsins.

Af ákvæðum 14. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA ber að krefjast endurgreiðslu aðstoðar sem veitt hefur verið á ólögmetan hátt og er ósamrýmanleg ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins.

<sup>(28)</sup> Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/225/EB frá 2. mars 2005 um aðstoðarkerfi sem stjórnvöld á Ítalíu hafa sett á fót til þess að ná fram endurbótum á starfsmenntastofnunum (Stjtið. ESB L 81 2006, bls. 25) er sérstaklega viðurkennt að viðkomandi stofnanir hafi „veitt stofnanabundna starfsmenntun með félagslegum tilgangi ... innan ramma opinbera menntakerfisins“ (48. mgr.) og að þeim hafi því „verið falið að sinna almannaþjónustuverkefni, á grundvelli viðeigandi lands- og alþjóðareglna, með bindandi stjórnvaldsákvörðunum“ (57. mgr.)

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Verkefnastyrkir, sem Tromsfylki veitti NLH, og lánið, sem sú stofnun fékk frá sveitarfélaginu Målselv, auk niðurfellingar Tromsfylkis á láni sem fylkið hafði veitt NAC, hafa ekki í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Beinn styrkur af fjárlögum að fjárhæð 4,5 milljóna NOK og lánsábyrgð Tromsfylkis hafa í för með sér ríkisaðstoð við NAC sem er ekki samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi 1. mgr. 61. gr. samningsins.

3. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að endurheimta aðstoðina sem vísað er til í 2. gr. og veitt hefur verið NAC á ólögmetan hátt.

4. gr.

Endurgreiðsla skal eiga sér stað án tafar og í samræmi við málsmeðferð samkvæmt landslögum, enda sé með þeirri málsmeðferð unnt að framfylgja ákvörðuninni tafarlaust og á skilvirkan hátt. Endurheimta skal aðstoðina með vöxtum og vaxtavöxtum sem reiknaðir skulu frá deginum sem hún komst í hendur NAC og til endurheimtudags. Vextir skulu reiknaðir í samræmi við ákvæði 9. gr. ákvörðunar 195/04/COL.

5. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA allar ráðstafanir sem þau gera til þess að fara að ákvæðum þessarar ákvörðunar, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hún er tilkynnt.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

7. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

**Per Sanderud**

Forseti

**Kristján Andri Stefánsson**

Stjórnarmaður

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2011/EES/15/04**

**(mál COMP/M.6085 – Costa Crociere/Alpitour/Welcome JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. mars 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítölsku fyrirtækin Costa Crociere S.p.A. („Costa“), sem lýtur endanlegum yfirláðum panamska fyrirtækisins Carnival Corporation og hins breska Carnival PLC, og Alpitour S.p.A. („Alpitour“), sem lýtur yfirláðum ítölsku samsteypunnar Exor, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í ítalska fyrirtækinu Welcome Travel Group S.p.A. („Welcome“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Costa: rekur skemmtiferðaskip og býður ferðir með skemmtiferðaskipum
  - Alpitour: ferðaskrifstofa sem veitir ferðaskrifstofuþjónustu, útveggar flugferðir, hótलगistingu og aðra þjónustu á áfangastað
  - Welcome: rekur net ferðaskrifstofa á Ítalíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 92, 24. mars 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6085 – Costa Crociere/Alpitour/Welcome JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6106 – Caterpillar/MWM)**

2011/EES/15/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Caterpillar Inc. („Caterpillar“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu óbein yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu MWM Holding GmbH („MWM“). Þýsk samkeppnisyfirkvöld hafa vísað samfylkingunni til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins samkvæmt 3. mgr. 22. gr. samrunareglugerðarinnar. Yfirkvöld í Austurríki og Slóvakíu komu síðar að vísuninni.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Caterpillar: framleiðsla og sala á vélbúnaði og vélum, m.a. stimpilvélum, auk þess sem fyrirtækið býður fjármálafurðir
  - MWM: eignarhaldsfélag sem ræður yfir 100% í MWM GmbH, félagi sem ásamt dótturfélögum sínum afhendir vörur, þjónustu og tækni fyrir dreifstýrða orkuafhendingu þar sem notaðar eru stimpilvélar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 90, 22. mars 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6106 – Caterpillar/MWM, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6108 – EQT V/Domestic)**

2011/EES/15/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. mars 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið EQT V öðlast með hluta-fjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í sænska fyrirtækinu Dometic.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - EQT V: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum og á m.a. fyrirtækið Scandic, sem rekur hótélkeðju
  - Dometic: frístundavörur og hliðarþjónusta við markaði með hjólhýsi, húsbíla, ökutæki, flutningatæki og báta; öryggishólf fyrir hótél, svo og ýmiss konar kælingarvörur, þ.m.t. smábarir
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 90, 25. mars 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6108 – EQT V/Domestic, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2011/EES/15/07****(mál COMP/M.6159 – Warburg Pincus/Vestar/Triton Container International)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Warburg Pincus LLC („Warburg Pincus“) og Vestar Capital Partners („Vestar“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirlát, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu Triton Container International Limited frá Bermúdaeyjum („Triton“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Warburg Pincus: fjárfestingarfélag með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum og fjárfestir í óskráðum félögum. Félagið í eignasafni þess stunda margvíslega starfsemi
  - Vestar: fjárfestingarfélag með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum og fjárfestir í óskráðum félögum. Félagið í eignasafni þess stunda margvíslega starfsemi
  - Triton: alþjóðlegt félag, með höfuðstöðvar á Bermúdaeyjum, sem stundar rekstrarleigu á gámum til sjóflutninga. Helstu rekstrarskrifstofur þess eru í London og San Francisco. Félagið leigir gáma til sjóflutninga til skipafélaga um allan heim
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 88, 16. mars 2011). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6159 – Warburg Pincus/Vestar/Triton Container International, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6161 – Clariant/Süd-Chemie)**

2011/EES/15/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. mars 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Clariant AG og hið þýska Clariant Verwaltungsgesellschaft mbH, en hið síðarnefnda tilheyrir samsteypunni Clariant AG, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Süd-Chemie AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Clariant AG: framleiðsla og markaðssetning sérnótaíðefna
  - Süd-Chemie AG: framleiðsla og markaðssetning sérnótaíðefna á sviði íseygra efna og hvata
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 88, 16. mars 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6161 – Clariant/Süd-Chemie, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6164 – Barclays Bank/Egg Credit Card Assets)**

2011/EES/15/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Barclays Bank PLC („Barclays“) öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hluta breska fyrirtækisins Egg Banking plc („Egg“), sem lýtur endanlegum yfirráðum Citigroup Inc. („Citigroup“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Barclays: fjármálaþjónusta á heimsmarkaði
  - Markfyrirtækið: útgáfa og rekstur kreditkorta í Bretlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 93, 25. mars 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6164 – Barclays Bank/Egg Credit Card Assets, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6202 – Samsung LED/Sumitomo Chemical/JV)**

2011/EES/15/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. mars 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kóreska fyrirtækið Samsung LED Co., Ltd., („Samsung LED“) og hið japanska Sumitomo Chemical Co., Ltd., („Sumitomo Chemical“) öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki („JV“) sem í upphafi mun framleiða undirlag úr safir og síðan ýmiss konar háþrúð iðefni og efni til nota í LED-tækjum í Kóreu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Samsung LED: þróun og framleiðsla á LED-tækni (ljósdíóðutækni)
  - Sumitomo Chemical: móðurfélag fyrirtækjasamstæðu sem stundar einkum starfsemi innan iðefnageirans (grunnefni, efnavörur úr jarðolíu og plast, gæðaiðefni, upplýsingatæknitengd iðefni, efnavörur fyrir landbúnað og lyf)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 93, 25. mars 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6202 – Samsung LED/Sumitomo Chemical/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. 2011/EES/15/11  
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur  
um flugrekstur í bandalaginu**

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

|  |   |
|--|---|
| Aðildarríki  | Frakkland   |
| Flugleiðir   | Clermont-Ferrand–Lille<br>Clermont-Ferrand–Marseille<br>Clermont-Ferrand–Strasbourg<br>Clermont-Ferrand–Toulouse  |
| Gildistökudagur almannaðjónustukvaða   | Felldar úr gildi  |
| Póstfang sem senda má til beiðni um textann og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannaðjónustukvaðirnar | Tilkynning frá 2. febrúar 2011 um að fella úr gildi tilkynningu frá 26. nóvember 2009 um almannaðjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug frá Clermont–Ferrand til Lille, Marseille, Strasbourg og Toulouse (báðar leiðir)<br>NOR: DEVA1103124A<br><a href="http://www.legifrance.gouv.fr/initRechTexte.do">http://www.legifrance.gouv.fr/initRechTexte.do</a><br><br>Nánari upplýsingar veitir: Direction Générale de l'Aviation Civile DTA/SDT/T2<br>50 rue Henry Farman<br>75720 Paris Cedex 15<br>France<br><br>Sími: +33 158094321<br>Netfang: <a href="mailto:osp-compagnies.dta@aviation-civile.gouv.fr">osp-compagnies.dta@aviation-civile.gouv.fr</a> |

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti 2011/EES/15/12  
Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við**

| Málsnúmer | Aðildarríki | Hérað  | Fyrirsögn aðstoðarkerfis eða heiti fyrirtækis sem þiggur sérákvæða viðbótaraðstoð  | Upplýsingarnar birtust í              |
|-----------|-------------|--|--|---------------------------------------|
| N 339/09  | Spánn       | –  | Subvenciones para promover el desarrollo de proyectos para la aplicación de los procesos técnicos del Plan de Biodigestión de purines  | Stjtið. ESB C 269, 5.10.2010, bls. 1  |
| N 339/09  | Spánn       | –  | Leiðrétting  | Stjtið. ESB C 79, 12.3.2011, bls. 22  |
| N 641/09  | Þýskaland   | Sachsen-Anhalt   | Solibro GmbH   | Stjtið. ESB C 269, 5.10.2010, bls. 2  |
| N 43/10   | Finland     | Pohjois-Savo   | Carelian Caviar Oy   | Stjtið. ESB C 269, 5.10.2010, bls. 2  |
| N 102/10  | Spánn       | País Vasco   | Régimen de ayudas a la creación, desarrollo y producción audiovisual en el País Vasco  | Stjtið. ESB C 269, 5.10.2010, bls. 3  |
| N 298/10  | Þýskaland   | –  | Richtlinien des Landes Berlin für das Programm zur Förderung von Forschung, Innovation und Technologien – ProFIT   | Stjtið. ESB C 269, 5.10.2010, bls. 3  |
| N 718/09  | Holland     | –  | Kleine velden  | Stjtið. ESB C 270, 6.10.2010, bls. 1  |
| N 106/10  | Frakkland   | –  | N 337/04 et N 378/04 – Financement par taxes affectées et dotations budgétaires des centres techniques industriels (CTI) et des Centres Professionnels de Développement Economique (CPDE)  | Stjtið. ESB C 270, 6.10.2010, bls. 2  |
| N 184/10  | Lettland    | –  | Pasākumi centralizētās siltumapgādes sistēmu efektivātes paaugstināšanai   | Stjtið. ESB C 270, 6.10.2010, bls. 2  |
| N 321/10  | Slóvenía    | –  | Third prolongation of the liquidity scheme for the Slovenian financial sector  | Stjtið. ESB C 270, 6.10.2010, bls. 1  |
| N 44/09   | Írland      | –  | Special measures relating to dioxin contamination in Ireland   | Stjtið. ESB C 270, 6.10.2010, bls. 4  |
| N 47/10   | Litháen     | –  | Lithuanian bank support scheme   | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 1 |
| N 235a/10 | Pólland     | Regiony wymienione w Rozporządzeniu Prezesa Rady Ministrów z dnia 28 maja 2010 r. zmieniającym rozporządzenie w sprawie gmin i miejscowości, w których stosuje się szczególne zasady odbudowy, remontów i rozbiórek obiektów budowlanych zniszczonych lub uszkodzonych w wyniku działania żywiołu (Dz. U. nr 92, poz. 597) | Program pomocy dotyczący rekompensaty za szkody spowodowane przez powódzie w Polsce w maju i czerwcu 2010 r. (poza zakresem załącznika I do Traktatu oraz część sektora leśnego nieobjęta Wytocznymi Wspólnoty w sprawie pomocy państwa w sektorze rolnym i leśnym w latach 2007–2013) | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 2 |
| N 333/10  | Búlgaría    | –  | Limited amounts of aid for consultancy services under Temporary Framework  | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 2 |
| N 359/10  | Þýskaland   | Sachsen  | Regelung Hochwasserhilfe 2010 Sachsen  | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 3 |

| Málsnúmer | Aðildarríki | Hérað  | Fyrirsögn aðstoðarkerfis eða heiti fyrirtækis sem þiggur sérákvæðna viðbótaraðstoð  | Upplýsingarnar birtust í              |
|-----------|-------------|--|---|---------------------------------------|
| N 364/10  | Pólland     | Regiony wymienione w Rozporządzeniu Prezesa Rady Ministrów z dnia 10 sierpnia 2010 r. zmieniającym rozporządzenie w sprawie gmin i miejscowości, w których stosuje się szczególnie zasady odbudowy, remontów i rozbiórek obiektów budowlanych zniszczonych lub uszkodzonych w wyniku działania żywiołu (Dz. U. nr 144, poz. 969) | Aid scheme for compensation for damage caused by the floods in Poland   | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 4 |
| N 123/10  | Austurríki  | –  | Ausweitung des Anwendungsbereiches der Barwertberechnungsmethode der AWS GmbH für Haftungen um die Segmente „Technologie- und innovationsorientierte Unternehmen“ sowie „Projektfinanzierungen“ | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 5 |
| N 173/10  | Rúmenía     | –  | Amendment to the framework scheme ‘Temporary aid scheme for granting aid in form of guarantees’ (N 286/09)  | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 5 |
| N 314/10  | Portúgal    | –  | Prorrogação do regime de recapitalização pública das instituições de crédito em Portugal  | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 6 |
| N 315/10  | Portúgal    | –  | Prorrogação do regime de garantias a favor das instituições de crédito em Portugal  | Stjtið. ESB C 283, 20.10.2010, bls. 7 |
| N 358/10  | Þýskaland   | –  | Förderrichtlinie zur Senkung der Lohnnebenkosten in der Seeschifffahrt  | Stjtið. ESB C 286, 22.10.2010, bls. 1 |
| N 416/09  | Þýskaland   | –  | Quelle GmbH   | Stjtið. ESB C 286, 22.10.2010, bls. 2 |
| NN 61/09  | Spánn       | –  | Resue and Restructuring of Caja Castilla la Mancha  | Stjtið. ESB C 289, 22.10.2010, bls. 1 |
| N 98/10   | Tékkland    | –  | Státní podpora N 98/10 – Režim podpory českého filmu  | Stjtið. ESB C 289, 22.10.2010, bls. 2 |
| N 372/09  | Holland     | –  | Restructuring plan Aegon  | Stjtið. ESB C 290, 27.10.2010, bls. 1 |
| N 469/09  | Þýskaland   | Hamburg  | Beteiligungsfonds für junge innovative Unternehmen  | Stjtið. ESB C 290, 27.10.2010, bls. 2 |
| N 708/09  | Þýskaland   | Brandenburg  | KMU-Fonds   | Stjtið. ESB C 290, 27.10.2010, bls. 2 |
| N 722/09  | Ítalía      | Lazio  | POR 2007–2013 – Obiettivo competitività e Occupazione – Asse I Attività 3 – Fondo capitale di rischio   | Stjtið. ESB C 290, 27.10.2010, bls. 3 |
| NN 35/10  | Írland      | –  | Temporary approval of the third recapitalisation in favour of Anglo Irish Bank  | Stjtið. ESB C 290, 27.10.2010, bls. 4 |
| N 702/09  | Tékkland    | –  | Podpora na rekonstrukci lanové dráhy na Sněžku  | Stjtið. ESB C 298, 4.11.2010, bls. 1  |

| Málsnúmer | Aðildarríki | Hérað   | Fyrirsögn aðstoðarkerfis eða heiti fyrirtækis sem þiggur sérákvæðna viðbótaraðstoð   | Upplýsingarnar birtust í              |
|-----------|-------------|---|--|---------------------------------------|
| N 35/10   | Þýskaland   | Niedersachsen og Bremen   | Förderung von Film- und Fernsehproduktionen in den Bundesländern Niedersachsen und Bremen: Nordmedia Fonds GmbH – Verlängerung der Beihilferegelung N 411/04 und N 229/07  | Stjtið. ESB C 298, 4.11.2010, bls. 2  |
| N 245/10  | Slóvenía    | –   | Third extension of the Slovenian guarantee scheme for credit institutions (N 531/08)   | Stjtið. ESB C 298, 4.11.2010, bls. 2  |
